



Morgunblaðið, 22.01.2022, síðu 48
grein stærð: 64.77 sm2
grein hæð: 8.58 sm

Litirnir í verkum Kjarvals

Ný sýning á verkum Jóhannesar Kjarvals, í íslenskum litum, verður opnuð í dag, 22. janúar, á Kjarvalsstöðum. Á henni er ljósi varpað á litinn í verkum Kjarvals og kannað hvernig litanotkun hans var háttáð.



„Hann notaðist við fjölbreytta liti í verkum sínum – veður og birtuskilyrði hverju sinni stýrðu litavali landslagsverka, og í fantasíum og öðrum verkum var það hrein tilfinning og persónuleg sýn listamannsins sem réð för. Skarpir litir, fjóluþlár, bleikur og gull, eru meðal lita sem finna má í mörgum verkum Kjarvals. Ýmist málaði hann örþunnt eða kreisti þykkan litinn beint úr túpunni á strigann. Á sýningunni eru verkin valin með það í huga að endurspeglar frjálslega litanotkun og flæði hugmynda og tjáningar í list Kjarvals,“ segir í tilkynningu. Edda Halldórsdóttir er sýningarstjóri.